Án samráðs á lokasprettinum

● Grundvallarbreytingar gerðar á lögum um stjórn fiskveiða á sama tíma og heildarendurskoðun stendur yfir ● Rýmkað til fyrir togveiðum á grunnslóð ● LS vill skýringar frá sjávarútvegsráðherra

BAKSVIÐ
Ágúst Ingi Jónsson
aij@mbl.is



„Það er sérstaklega gagnrýni vert að grundvallarbreytingar skuli gerðar á lögum um stjórn fiskveiða á sama tíma og heildarendurskoðun á þeim stendur yfir," segir Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, um breytingar sem samþykktar voru á Alþingi á föstudagskvöld. Hann segir það sérstök vinnubrögð að flestar þessara breytinga hafi verið gerðar í skjóli umræðna um aflamark í úthafsrækju.



Örn Pálsson

„Þessar breytingar eru gerðar án nokkurs samráðs við hagsmunaaðila og enginn möguleiki var að komast að málinu á lokasprettinum síðasta sólarhringinn. Þegar ég frétti hvað væri á ferðinni óskaði ég eftir því að fá að koma athugasemdum á framfæri á fundi með atvinnuveganefnd þingsins, en því erindi var ekki svarað," segir Örn.

Vald til ráðherra

Hann nefnir nokkur atriði eins og fastsetningu á síldarafla í lagnet og hækkun leiguverðs á síld, afnám skötuelsákvæðisins sem heimilaði leigu á skötusel og aukinn aðgang stærri skipa með tiltekið vélarafl að veiðum nær landi en áður. Hann bendir á að engar tölur um afla er lengur að finna í ákvæðum um línuívilnun og strandveiðar og því í valdi ráðherra hverju sinni hversu mikið fer í hvern þátt.

Alls eiga 5,3% heimilda að fara í potta og byggðatengdar aðgerðir og er það hækkun frá því sem ráðherra nýtti áður. Engin meiri háttar breyting er fyrirhuguð um nýtingu á svonefndum pottum á komandi fiskveiðiári, en stefnt er að því að áætlun um nýtingu þeirra til lengri tíma verði fyrst lögð fram á löggjafarþingi 2014-2015, segir í nefndaráliti.



Morgunblaðið/Alfons

Á Kolgrafafirði Leyft verður að veiða 800 tonn af síld í lagnet og finnst framkvæmdastjóra LS það naumt skammtað.

Kom eins og þruma úr heiðskíru lofti

Á heimasíðu Landssambands smábátaeigenda segir að í nýjum lögum sé rýmkað til fyrir togveiðum á grunnslóð. Í raun hafi frumvarpið snúið að breytingum á lögum um stjórn fiskveiða en umrædd grein fjalli hins vegar um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með breytingunni eru sjö skip með aflvísa (vélarstærð) lægri en 1.200, en lengri en 29 metrar, færð á milli flokka, sem veitir þeim rétt til aukinna veiða nær landi á sérstaklega tilgreindum svæðum.

Atvinnuveganefnd telur að rök standi til þess að miða fremur við aflvísa en lengd skipa. Á heimasíðu LS kemur fram að umrædd skip eru Valdimar GK, Tjaldanes GK, Grímsnes GK, Fjóla KE, Kristbjörg VE, Glófaxi VE og Grundfirðingur SH.

Á heimasíðunni segir að ekki verði annað séð en að breytingartillagan hafi komið eins og þruma úr heiðskíru lofti. LS telur inngripið vera einsdæmi og mun óska skýringa hjá sjávarútvegsráðherra um hvað hafi legið á bakvið ákvörðun nefndarinnar.

Umdeilt skötuselsákvæði ekki lengur í lögunum

Fyrir nokkrum árum var hluti af skötuselsafla tekinn út úr aflamarkskerfinu og boðinn til leigu. Í kjölfarið fylgdu hatrammar deilur, en slíkt ákvæði er ekki lengur í lögunum. Í ár eru um 1.200 tonn af skötusel til leigu og verðið er 176 krónur á kíló og segir Örn að þessi breyting geti haft erfiðleika í för með sér.

„Ef skötuselur fæst sem meðafli þurfa menn algerlega að reiða sig á að geta leigt skötusel á markaði. Lengst af hefur slíkt tæpast verið mögulegt og verðið þá svimandi hátt."

Naumt skammtað og ekki í samræmi við markmið laga

Nú er fest í lög að 800 tonn af síld verði leigð til útgerða smábáta og skal nú greiða 16 krónur í stað 13 króna áður. „Mér er lífsins ómögulegt að skilja hvers vegna verðið hækkar um 23% frá síðasta ári því þá lækkaði verð fyrir síld frekar en hitt," segir Örn.

„Í fyrra hefðum við getað veitt mun meira en þau 800 tonn sem við fengum úthlutuð. Þessi 800 tonn, sem eru svipað eins og skip eins og Álsey VE landar úr einni veiðiferð, eru veidd af um 30 bátum og skapa vinnu fyrir um 40 manns á sjó. Í landi starfar svipaður fjöldi við vinnslu síldarinnar sem er einstök að gæðum og seld inn á kröfuharða markaði erlendis. Mér finnst það ekki í samræmi við markmið laganna um að efla atvinnu og byggð í landinu að skammta þetta svona naumt til þeirra sem veiða síld í lagnet."

LEYFILEGT AÐ FLYTJA Á MILLI KERFA

Betri nýting á ufsaheimildum

Með nýjum lögum verður leyfilegt að færa heimildir í tilteknum tegundum á milli krókaaflamarkskerfis og aflamarkskerfis enda séu skiptin jöfn í þorskígildum talið.

Örn segir að þetta geti verið til mikilla bóta og kom fram í greinargerð með frumvarpinu að síðustu ár hafi að meðaltali um 1.300 tonn af aflaheimildum í ufsa í krókaaflamarkskerfinu fallið niður ónýtt. Það verði þó að fara varlega varðandi slíkar kerfisbreytingar og gæta þess að útfærslan miðist ávallt að því að styrkja krókaaflamarkskerfið. Þá hafi að jafnaði síðustu ár um 2.600 tonn af aflamarki í ýsu verið leigð frá aflamarkskerfinu til krókaaflamarkskerfisins þar sem langvarandi skortur á ýsuheimildum hefur verið til staðar. Jöfn skipti milli krókaaflamarkskerfis og aflamarkskerfis á grundvelli þorskígilda eru talin geta auðveldað flutning á ýsu frá aflamarkskerfi til krókaaflamarkskerfis.

Nýja heimildin í lögunum getur átt við um aðrar tegundir en ufsa og ýsu.

Fyrstu snjallheyrnartækin



ReSound LiNX™ eru fyrstu heyrnartækin sem tengjast þráðlaust beint við snjalltæki s.s. síma, spjaldtölvur og spilara.

Auk þess að vera mjög fullkomin heyrnartæki eru þau heyrnartól fyrir snjalltæki. Með þeim opnast endalausir möguleikar að streyma samtölum úr síma og tónlist eða öðrum tegundum hágæðahljóða beint í heyrnartækin úr snjalltækjunum.

Ný hönnun gerir þér kleift að fela ReSound LiNX™ ef þú vilt, eða monta þig af þeim ef þú vilt það frekar. Þau eru fíngerð, þunn og fást í 10 mismunandi litum og tveimur gæðaflokkum.

Pantaðu tíma í heyrnargreiningu og fáðu heyrnartæki til reynslu

Tímapantanir 534-9600
Heimasíða www.heyrn.is

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

Hlíðasmára 11 • 201 Kópavogur • Sími 534 9600 • heyrn@heyrn.is

Enginn kennaraskortur í borginni

Fyrir rúmri viku auglýsti Reykjavíkurborg eftir fleiri en 40 grunnskólakennurum en samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs hefur ekki borið á kennaraskorti í borginni. „Það er ekkert sem bendir til annars en að við náum að manna grunnskólana," segir Valgerður Janusdóttir mannauðsstjóri. Hún segir að vel hafi gengið að manna kennarastöður undanfarin ár og að fjöldi leiðbeinenda hafi verið í lágmarki.

„Kennarar eru ráðnir frá fyrsta ágúst ár hvert. Þannig að núna eru stjórnendur að sjá hver nemendafjöldinn verður, hvaða hreyfing verður á starfsfólki, og þá létum við þá vita að við myndum auglýsa, ef þeir vildu vera með í sameiginlegri auglýsingu," segir Valgerður. Hún segir að þegar hafi nokkur fjöldi umsókna borist en umsóknarfresturinn er tvær vikur.

Bjartsýn á að aðsókn aukist

Aðeins 20 útskrifast með grunnskólakennararéttindi frá Háskóla Íslands í vor en það er umtalsverð fækkun frá því sem var. Þetta er hins vegar í fyrsta sinn sem skólinn brautskráir nemendur eftir að ný lög um lengingu námsins í fimm ára meistaranám tóku gildi og eru menn bjartsýnir á að aðsókn muni aukast.

„Við erum alveg einhuga í því að



Morgunblaðið/Eggert

Skólafjör Vonir eru bundnar við að aðsókn í kennaranámið aukist.

þetta hafi verið rétt ákvörðun að lengja námið," segir Gunnhildur Óskarsdóttir, forseti Kennaradeildar. „Þetta var vitað fyrirfram, að það myndi engin útskrifast í fyrra og að það yrðu aldrei eins stórir árgangarnir fyrst eftir svona mikla breytingu á náminu," segir Sigríður Pétursdóttir deildarstjóri.

Sigríður segir að sama hafi gerst þegar kennaranámið var flutt af framhaldsskólastigi upp á háskólastig en bendir á að til að mæta breyttum aðstæðum hafi námsleiðum verið fjölgað. Nú geti fólk með BA- eða BS-próf bætt við sig meistaranámi „hvort sem það vill verða leikskóla-, grunnskóla- eða háskólakennari". *holmfridur@mbl.is*